

## Skólaráð Njarðvíkurskóla

24. febrúar 2022

Mætt: Ásgerður Þorgeirsdóttir skólastjóri, Nadía Líf Pálsdóttir formaður nemendaráðs og fulltrúi nemenda, Magnea Waltersdóttir formaður foreldrafélags Njarðvíkurskóla, Vordís Heimisdóttir fulltrúi almennra starfsmanna, Hulda Hauksdóttir fulltrúi kennara, Jóhann Gunnar Sigmarsson fulltrúi kennara, Hámundur Örn Helgason fulltrúi grenndarsamfélagsins og Guðný Karlsdóttir aðstoðarskólastjóri sem ritar fundargerð.

- Nadía Líf fór yfir starf nemendaráðs á þessu skólaári.
- Guðný fór yfir viðbrögð við ofbeldisfullri hegðunar sem var unnið af teymi fagfólks í haust og er sýnilegt á heimasíðu skólans. Rætt var um verklag við vinnu á viðbrögðum.
- Ásgerður fór yfir fjárhagsáætlun næsta skólaárs. Breytingar á skrifstofurými tóku meiri tíma og fjármagn en áætlað var. Á fjárhagsáætlun næsta árs verður skerðing frá úthlutun fyrra árs.
- Ásgerður fór yfir hvað er framundan við viðhald skólahúsnæðis sem er kostnaður bæjarins en það er t.d. áframhald á klæðningu utanhús
- Ásgerður fór yfir nokkra þætti sem eru að valda vanda í skólastarfi eins og bilun í loftræstingu sem olli því að leki kom í loft í kennslustofu á 3. hæð. Eins er búin að vera mikil vinna við að finna orsök á slæmri lykt sem hefur verið í Öspinni og er búin að kalla til ýmsa fagaðila að því máli en erfitt er að finna orsökina á lyktinni.
- Ásgerður fór yfir þætti í skólastarfinu á næstu vikum, þ.m.t. öskudag sem er skertur nemendadagur, þemadagar sem eru tileinkaðir 80 ára afmælis skólans.
- Ásgerður kom á framfæri þökkum fyrir danspartyið sem foreldrafélagið stóð fyrir sem og gjöf sem allir starfsmenn fengu frá foreldrafélaginu
- Önnur mál:
  - Síðasti fundur verður um 24. mars